

# ALMENN TILSKIPUN

## Viðmiðunarreglur varðandi ásakanir um ofbeldi eða kynferðislega misnotkun barna eða fullorðinna innan Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi

### I. Inngangur

Páfastóll hefur skipað öllum kaþólskum biskupsdæmum að móta viðmiðunarreglur til þess að fást við ásakanir um kynferðislega misnotkun í framtíðinni. Þessum viðmiðunarreglum hins kaþólska Reykjavíkur biskupsdæmis á Íslandi skal beita við hverjar þær aðstæður þar sem vígðir þjónar kirkjunnar (biskup, prestur eða djákni), reglufólk, starfsmenn eða sjálfboðaliðar, sem starfa fyrir kirkjuna, eru grunaðir um ofbeldi eða misnotkun. Kirkjan verður að bregðast við hvers kyns ótilhlýðilegri kynferðislegri breytni, jafnvel þótt hún falli ekki í ströngum skilningi undir ofbeldi eða misnotkun. Það sem ræður úrslitum er ekki hvort meintur gerandi telji atvikið lítilvægt heldur hvaða augum fórnarlambið lítur atburðinn.

Hvert það tilvik þar sem grunur vaknar um ofbeldi eða misnotkun verður að rannsaka vandlega og meðhöndla í samræmi við þau fyrirmæli sem hér eru gefin. Það er sérstaklega mikilvægt að meint fórnarlamb sér í lagi fái hverja þá hjálp sem nauðsynleg er. Einnig er áriðandi að sá eða sú sem ábyrgð ber á misnotkuninni taki fulla ábyrgð á glæp sínum, bæði frammi fyrir þjóðfélaginu sem og augliti kirkjunnar.

Öll verðum við að gera það sem við getum til að tryggja það að öllum, sem eiga í sambandi við Kaþólsku kirkjuna á Íslandi, sé sýndur kærleikur og virðing og að þeir verði ekki fyrir misnotkun af neinu tagi, hvort heldur líkamlegri, kynferðislegri, tilfinningalegri eða andlegri. Sérhver einstaklingur, sem telur að ofangreindir þjónar, starfsmenn eða sjálfboðaliðar kirkjunnar hafi brotið gegn sér, á ætíð rétt á andlegri hjálp prests. Við skulum biðja þess að aldrei þurfi að beita eftirfarandi viðmiðunarreglum.

### II. Skilgreiningar

A. Í þessum viðmiðunarreglum vísar hugtakið „ólögráða barn“ til einstaklings undir 18 ára aldri. B. Hugtakið „ofbeldi“ og „misnotkun“ nær til allra þeirra athafna sem lýst er með þessum hugtökum í íslenskum hegningarlögum, sem og í kirkjurétti.

### III. Fyrningarfrestir

Í einkamálarétti eiga við ýmsir fyrningarfrestir, allt eftir eðli brotsins. Í kirkjurétti er fyrningarfresturinn, þegar um kynferðisbrot gegn ólögráða barni er að ræða, almennt tuttugu ár, talið frá þeim degi sem fórnarlambið verður 18 ára.

### IV. Almennar starfshættir við tilkynningu á misnotkun

A. Hver sem tilkynnir misnotkun bregst við af ábyrgð.

1. Sá eða sú sem hefur vitneskju eða grun um ofbeldi eða misnotkun á fullorðnum einstaklingi á að gera yfirvöldum kirkjunnar (biskupi, staðgengli hans, kanslaranum eða sóknarpresti, sem síðan koma upplýsingunum áfram til biskups) grein fyrir málinu.

2. Allar ásakanir varðandi misnotkun eða ofbeldi gagnvart ólögráða barni

a. verður að tilkynna Barnaverndarstofu þegar í stað og

b. upplýsa verður biskupinn sömuleiðis (sbr. kirkjulög).

B. Öllum sem gegna ábyrgðarstöðu innan biskupsdæmisins er skylt að veita kirkjuyfirvöldum upplýsingar um þessi efni.

C. Þetta breytir hvorki þagnarskyldunni hvað skriftir varðar né ströngum refsingum kirkjulaga við broti á henni.

1. Innsigli skriftanna er órjúfanlegt; prestur er aldrei heimilt að tala um það sem hann heyrir við skriftir;

2. Hinsvegar verður skriftafaðir, sem öðlast vitneskju um ofbeldi eða misnotkun í viðræðum við

skriftabarnið við skriftirnar, að stuðla að sannri og réttlátri sektarkennd og

3. skriftafaðirinn ætti einnig að gera það sem hann getur til að koma í veg fyrir að þetta atferli endurtaki sig. Skriftafaðirinn verður að fá skriftabarnið til að samþykkja að það sé bæði rétt og viðeigandi – og fá óskorað samþykki þess fyrir því – að skriftabarnið komi upplýsingum, utan skriftastólsins, til ábyrgs aðila eða stofnunar (til að mynda lögreglu, Barnaverndarstofu eða jafnvel skriftaföðurins sjálfs – utan skriftastólsins – svo að hann geti leitt málið áfram).

D. Það er ævinlega biskupinn sem ber lokaábyrgð á meðferð upplýsinga um ofbeldi eða misnotkun innan biskupsdæmisins, bæði varðandi einkamála- og kirkjurétt.

1. Hann getur leitað til sérfræðinga og annarra ráðgjafa ef honum þykir þörf á því. 2. Skrásett skýrsla um ásakanirnar og viðbrögð við þeim verður varðveitt í skjalasafni biskups dæmisins.

3. Eftirfylgni kirkjunnar í málum er varða ofbeldi eða misnotkun nær til *fórnarlamb*sins (með andlegri, sálfræðilegri, læknisfræðilegri og fjárhagslegri aðstoð í samræmi við lög), *meints geranda* (með refsingu, hugsanlegri brottvikningu úr starfi eða breytingu á klerklegri stöðu, meðferð og lögfræðilegri aðstoð ef nauðsyn krefur), *sóknarbarna kirkjunnar* (með leiðsögn, aðstoð og samræðum ef nauðsyn krefur) og *almennings* (með tilkynningu, útskýringum eða viðtölum við fjölmiðla, til að mynda).

4. Kynna verður þessar viðmiðunarreglur um ofbeldi og misnotkun fyrir öllum nýjum vígðum þjónum kirkjunnar, reglufólki, starfsmönnum og sjálfboðaliðum við upphaf starfsferils þeirra.

## V. Forvarnir

Þetta eru þær ráðstafanir sem Kapólska kirkjan á Íslandi mun grípa til, til þess að bregðast við hvers kyns ásökunum um kynferðismisnotkun eða ofbeldi í framtíðinni. Þær eru í samræmi við íslensk lög á hverjum tíma en einnig alþjóðleg kirkjulög Rómversk kapólsku kirkjunnar. Við munum starfa með íslenskum yfirvöldum og öðrum kirkjum í samkirkjulegum anda einingar og bræðralags til þess að koma í veg fyrir að í framtíðinni komi til ofbeldis eða kynferðisbrota. Nú nýlega bað Frans páfi skýrum orðum alla kapólska menn í heiminum að gera einmitt þetta. Megi gerðir og bænir kirkjunnar á Íslandi, frá og með deginum í dag, skína æ bjartar svo að með fordæmi Krists megji ný menning viðurkenningar, heiðarleika og kærleika þroskast og verða ráðandi meðal okkar og breiðast út um gervallt íslenskt þjóðfélag. Það er mikilvægt og nauðsynlegt að við störfum öll saman, biðjum, fyrirgefum og vonum að slíkar misgjörðir gerist ekki í framtíðinni.

**Þessar viðmiðunarreglur eru birtar sem tilskipun og þær skal endurskoða á þriggja ára fresti.**

Reykjavík, 31. ágúst 2013

+ Pétur Bürcher Jakob Rolland  
Reykjavíkurbiskup kanslari

## Tengiliðir:

Staðgengill biskups eða kanslari, netfang: [tengilidir@catholica.is](mailto:tengilidir@catholica.is)  
Barnaverndarstofa, netfang: [bvs@bvs.is](mailto:bvs@bvs.is), sími 530 2600.